

FJÖLSKYLDUSTEFNA REYKJANESBÆJAR

Inngangur

Fjölskyldan er hornsteinn hvers samfélags. Það á því að vera markmið hvers sveitarfélags að búa fjölskyldunni sem vænlegust skilyrði svo hún megi styrkjast og eflast sem best innan frá. Til að það nái fram að ganga þurfa sveitarfélög að marka sér opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar án tillits til samsetningar hennar. Jafnframt þarf að tryggja að fjölskyldustefnan sé sívirk og ávallt í endurskoðun.

Í verkefnaáætlun Reykjanesbæjar - framtíðarsýn 2002 til 2006 er kveðið á um gerð fjölskyldustefnu fyrir Reykjanesbæ og áætlað að ljúka þeirri vinnu í mars 2003.

Fjölskyldu- og félagsþjónustunni var falin verkefnastjórn.

Áður hafði verið unnið að undirbúningi að gerð fjölskyldustefnu en tillaga kom fyrst fram í bæjarstjórn Reykjanesbæjar í september 1997 um mótun heilstæðrar fjölskyldustefnu. Þeirri tillögu var vísað til allra sviða án þess að tilnefna einhvern einn ábyrgðaraðila.

Í nóvember 2002 tók til starfa hópur undir forystu Hjördísar Árnadóttur, félagsmálastjóra, aðrir í starfshópnum voru. Eiríkur Hermannsson, fræðslustjóri, Stefán Bjarkason, íþrótta- og tómstundafulltrúi og Sigríður Jóna Jóhannesdóttir, tæknifulltrúi umhverfis- og tæknisviðs. Þessir komu einnig að mótun stefnunnar; Ólafur Kjartansson, fv. framkvæmdastjóri Markaðs- og atvinnuáhrifsviðs, Reynir Valbergsson, fjármálastjóri og Pétur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Atvinnu- og hafnasviðs.

Leitað var eftir hugmyndum frá fjölmögum aðilum, má þar m.a. nefna; sóknarpresta Keflavíkur og Njarðvíkur, stjórnir foreldrafélaga og nemendaráð grunnskólanna.

Einnig var auglýst í staðarblöðum eftir hugmyndum frá almenningi.

Fljótlega var ljóst að áætluð verklok væru óraunhæf og ný verklok áætluð í maí 2003. Starfshópurinn hélt 11 fundi, auk þess sem unnið var að upplýsingaöflun ofl. á milli funda.

Í skilgreiningu Fjölskylduráðs Félagsmálaráðuneytisins segir; *"Fjölskyldan er hópur einstaklinga sem á sameiginlegt heimili þar sem einstaklingarnir deila tómstundum, hvíld, tilfinningum, efnahag, ábyrgð og verkefnum. Meðlimirnir eru oftast tvær*

fullorðnar manneskju eða einstaklingur ásamt barni eða börnum. Þau eru skuldbundin hvert öðru í siðferðilegri og gagnkvæmri hollustu."

Mikilvægt er að sveitarfélög haldi vörð um fjölskylduna og hvetji til að henni séu sköpuð þroskavænleg skilyrði í samfélaginu hverju sinni. Markmið Fjölskyldustefnu Reykjanesbæjar er að tryggja það og jafnframt efla fjölskyldur í nútímapjórðfélagi.

Fjölskyldustefna Reykjanesbæjar skal ávallt vera í takt við þróun samfélagsins hverju sinni og skal endurskoðuð í september ár hvert að frumkvæði Fjölskyldu- og félagsþjónustunnar.

Fjölskyldustefna Reykjanesbæjar skiptist í meginmarkmið, markmið og samþættingu einstakra málaflokka og leiðir að settum markmiðum.

Meginmarkmið Fjölskyldustefnu Reykjanesbæjar

stuðla að mannúðlegu og fjölskylduvænu samfélagi þar sem áhersla er lögð á fjölskylduna sem hornstein samfélagsins

búa fjölskyldunni sem vænlegust skilyrði svo hún megi styrkjast og eflast sem best innan frá

skapa forsendur til þess að einstaklingar fái vaxið í heilsteyptu fjölskylduumhverfi sem auðveldi þeim að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi

Reykjanesbær sýni gott fordæmi bæði sem atvinnurekandi og þjónustuaðili og hafa þarfir fjölskyldunnar að leiðarljósi við skipulag starfsemi stofnanna sinna, hvort sem þær þjóna börnum eða fullorðnum

að starfsmenn Reykjanesbæjar hafi fjölskyldustefnuna að leiðarljósi og sýni börnum jafnt sem fullorðnum, tilhlýðilega virðingu og kurteisi

við skipulag félagslífs meðal starfsmanna Reykjanesæjar sé stuðlað að samveru fjölskyldunnar

tryggja starfsmönnum sem vinna með börnum, fræðslu um einelti, einkenni þess, hvernig meigi koma í veg fyrir einelti og/eða bregðast við því

tryggja að allir fullorðnir íbúar Reykjanesbæjar séu meðvitaðir um samfélagslega ábyrgð við uppeldi barna

stuðla að því að viðmót atvinnurekenda einkennist af jákvæðni í garð fjölskyldunnar s.s. með sveigjanlegum vinnutíma og auknu umburðarlyndi, einkum þegar alvarleg veikindi sem og aðrir erfiðleikar herja á. Það er atvinnulífinu til framdráttar að hafa jákvætt vinnuafl og styrkur fyrir fjölskylduna að vinna hjá fjölskylduvænu fyrirtæki

stuðla að samþættingu og samfellu í skólastarfi, íþróttum og tómstundum barna

skapa forsendur til þess að jafnvægi náist milli fjölskyldulífs og atvinnuþátttöku

styðja við uppeldishlutverk foreldra með fræðslu hverskonar, enda eru foreldrar mestu áhrifavaldar í lífi hvers barns

gera öldruðum kleift að búa við fullt sjálfstæði eins lengi og kostur er

Framkvæmd fjölskyldustefnu og samþætting málaflokka

Framkvæmd

Fjölskyldu- og félagsþjónusta Reykjanesbæjar skal hafa eftirlit með því að fjölskyldustefnunni sé framfylgt. Skal það gert með því að kalla árlega eftir skriflegum upplýsingum frá öllum sviðum og stofnunum bæjarins um hvernig stefnan hafi verið notuð til hliðsjónar við skipulag starfseminnar og jafnframt óskað eftir tillögum til endurbóta á henni.

Viðurkenning skal árlega veitt þeim stofnunum bæjarins og fyrirtækjum á almennum markaði sem þykja skara framúr varðandi jákvætt viðmót til fjölskyldunnar og hafa sett sér fjölskylduvæna stefnu. Skal það gert með því að óska opinberlega eftir tilnefningum frá bæjarbúum. Viðurkenningar skulu veittar á Ljósanótt ár hvert.

Opinber kynning skal fara fram á þeim fyrirtækjum sem hljóta viðurkenningu hverju sinni og stefnu þeirra í fjölskyldumálum

Settar verði sérstakar reglur um hvernig staðið skuli að viðurkenningum sem áætlaðar eru í stefnu þessari.

Eftirtaldar stefnur einstakra málaflokka hjá Reykjanesbæ eru hluti af Fjölskyldustefnunni

skólastefna

forvarnarstefna

starfsmannastefna

stefna í málefnum innflytjenda

jafnréttisáætlun

umhverfisstefna

öryggisstefna

Fjölskyldu- og félagsmál

Markmið

að félagsþjónusta sé ávallt skipulögð með þarfir fjölskyldunnar að leiðarljósi að boðið sé upp á fjölskylduráðgjöf jafnt sem einstaklingsráðgjöf til foreldra og barna. Einnig að boðið sé upp á nauðsynlega sálfræðiþjónustu, félagsráðgjöf og áfallahjálp fyrir fjölskyldur eða einstaklinga innan hennar

að nóg framboð sé á þjónustu dagmæðra eða öðrum dagvistarúrræðum fyrir foreldra barna undir tveggja ára aldri og að slík vistun sé niðurgreidd af bæjarfélaginu til allra foreldra. Stuðla skal að því að dagmæður komi sér upp afleysingafyrirkomulagi

að börnum sé tryggður aðgangur að opnum leiksvæðum í öllum stærstu hverfum sveitarfélagsins

að öryggismál barna séu ávallt til fyrirmyndar hjá Reykjanesbæ, ekki síst húsnæði og lóðir stofnanna sem vinna með börnum. Reglulega skal vakin athygli á öryggissíma og fólk hvatt til að tilkynna um slysa-gildir og hugsanlegar hættur í umhverfinu. Einnig séu foreldrar hvattir til að gæta að öryggismálum á heimilunum sínum. t.d. með gátlistum varðandi brunavarnir, geymslu lyfja og hættulegra efna, stigaop ofl.

að barnavernd sé framkvæmd skv. gildandi barnaverndarlögum hverju sinni og megin áhersla lögð á forvarnir og uppeldislegan stuðning við fjölskyldur að fjölskyldum sé gert kleift að sjá sér farborða og stuðningi beitt til að tryggja þeim örugga afkomu með ráðgjöf og nauðsynlegri aðstoð

að áhersla sé lögð á að efla jafnrétti innan fjölskyldna m.a. varðandi heimilishald, uppeldi barna, jafnræði milli einstaklinga o.fl. Skal það gert með opinni umræðu og hvatningu.

að stuðla að opinni umræðu og fræðslu um afleiðingar heimilisofbeldis hvers konar þ.m.t. kynferðisofbeldis. Skal það gert með ráðstefnum, fyrirlestrum, námskeiðum, bæklingum eða með öðrum áhrifaríkum hætti.

að nægt framboð sé á félagslegu leiguhúsnæði í bæjarfélaginu, fyrir allar fjölskyldustærðir og þess ávallt gætt, við kaup eða byggingu slíks húsnæðis, að velja hagkvæmustu leiðir m.t.t. leiguverðs

að dagvistarúrræði fyrir aldraðra sé ávallt til staðar til að tryggja öldruðum möguleika á að dveljast sem lengst á eigin heimili

að áhersla sé lögð á nægt framboð á sambýlum, þjónustuþúðum og öðrum sértækum búsetuúrræðum fyrir fatlaða, aldraða og aðra sem á því kunna að halda, fremur en stofnavist, enda tryggir slíkt búsetuúrræði viðkomandi einstaklingum fjölskylduvænt umhverfi

Fræðslumál

Markmið

að áhersla sé lögð á “heilsdagsskóla”, þar sem börnum standi til boða að stunda tónlistanáms, íþróttir og tómstundir á dagvinnutíma

að stuðlað sé að því að öll starfsemi barna geti farið fram á sama stað eða sama skólasvæði

að samræming sé milli grunnskóla varðandi starfsdaga og aðra frídaga barna s.s. vetrarleyfi, páska- og jólaeyfi og að boðið sé uppá gæslu fyrir yngstu börnin þessa daga

að fornám tónlistarskóla sé veitt öllum börnum og fellt inn í stundaskrá hvers bekkjar

að heitur næringaríkur matur standi öllum börnum í grunnskólum bæjarins til boða í hádegi gegn gjaldi sem tekur mið af hráefniskostnaði

að öllum börnum sé tryggð kennsla við hæfi

að áhersla sé lögð á að fá menntaða kennara til starfa

að leikskóli standi öllum foreldrum, sem lögheimili eiga í bæjarfélaginu, til boða a.m.k. frá tveggja ára aldri barna þeirra

að foreldrar hafi val um fjögurra til níu stunda leikskóla vistun daglega

að boðið sé upp á hollan mat á leikskólum bæjarins gegn gjaldi sem tekur mið af hráefniskostnað

að áhersla sé lögð á að uppfylla lagaákvæði um fagmenntun starfsmanna á leikskólum, að öðrum kosti tryggja að a.m.k. einn leikskólakennari starfi hverju sinni á hverri deild

Menningar- íþrótt- og tómstundamál

Markmið

að Reykjanesbær sé í fararbroddi hvað varðar fjölskylduvænt menningar- íþrótt- og tómstundastarf

að leitað sé samstarfs við þau félag og klúbba sem starfa í bæjarfélaginu og eru með tilboð fyrir börn og ungmenni, um skipulagt menningar- íþrótt- og tómstundastarf að svo miklu leyti sem unnt er innan viðurkennds dagvinnutíma. Í þeim tilvikum sem það er ekki hægt, sé þess ávallt gætt að forgangsraða tímum m.v. aldri barna hverju sinni og þau yngstu látin ganga fyrir

að undantekningalaust sé menningar- íþrótt- og tómstundastarfi fyrir börn að 16 ára aldri lokið fyrir lögbundinn útivistartíma

að stuðla að góðri samvinnu við íþróttahreyfinguna og þá sem sjá um tímstundir og menningu fyrir börn, veita þeim stuðning eftir aðstæðum og hafa eftirlit með starfsemi

að við hönnun íþróttamannvirkja bæjarins sé tekið mið af þörfum barna, enda eru börn fjölmennasti hópur viðskiptavina

að áhersla sé lögð á að efla þátttöku fjölskyldunnar í menningu íþróttum og tómstundum, m.a. með því að tryggja opnunartíma og aðgang að sundstöðum seinni part dags og um helgar, koma á sérstökum fjölskyldutíma í íþróttahúsum bæjarins og fjölskyldur hvattar til að nýta sér hann,

að bókasafn bæjarins leggi sérstaka áherslu á fjölskylduna m.a. með því að benda á hve kjörið safnið er til samveru og fróðleiks og boðið sé upp á sérstaka dagskrá/daga tengda fjölskyldunni

að hvetja þá sem standa að menningarviðburðum í bænum til að skoða möguleika á fjölskylduvænni starfsemi t.d. með því að bjóða fjölskyldum árlega upp á kynningar á menningarstarfsemi hvers konar s.s. leiklist, myndlist, kórastarfi, tónlist, dansi o.fl. Einnig að stilla kostnaði í hóf eða bjóða uppá fjölskylduafslætti.

að hvatt verði til fjölskylduafsláttar á menningarviðburði, námskeið o.þ.h.

að viðurkenning sé veitt þeirri menningarstarfsemi sem leggur sérstaka áherslu á fjölskylduna í starfi sínu.

að viðurkenningar séu veittar til þeirra sem stuðla að nýbreytni og sköpun í starfi meðal barna

Atvinnu- og hafnamál

Markmið

að tengsl Reykjanesbæjar við atvinnulífið verði eflað

að frumkvæði verði haft í að efla tengsl milli fjölskyldunnar og vinnuveitenda

að hvetja fyrirtæki til að setja sér fjölskylduvæna stefnu. Skal það m.a. gert með því að hvetja alla atvinnurekendur í Reykjanesbæ til að skoða rekstur sinn og starfsemi m.t.t. þess hvort hægt sé að bjóða upp á sveigjanlegan vinnutíma þannig að foreldrar eigi hægara um vik að sinna tilfallandi þörfum barna sinna

að leita leiða til að laða ný fyrirtæki til bæjarins og skapa þannig sem fjölbreyttast atvinnulíf. Fjölbreytni í atvinnulífi kallar á fjölbreyttari störf, eykur líkur á að sem flestir geti fegnið atvinnu við hæfi í heimabyggð og stuðlar þannig að fleiri samverustundum hjá fjölskyldum

Umhverfis- og skipulagsmál

Markmið

að fylgja gildandi lögum og reglum um öryggismál og vinnuvernd og tryggja um leið að hagur fjölskyldunnar verði hafður í fyrirrúmi

að við hönnun gatnakerfis og umferðamannvirkja verði þess ávallt gætt að tryggja öryggi íbúa Reykjanesbæjar og annarra sem leið eiga um bæjarfélagið
að við framkvæmdir sé þess gætt að valda sem minnstri röskun á náttúrunni
að við hönnun og framkvæmd skipulagsmála verði þess ávallt gætt að umhverfis- og hljóðmengun sé undir viðmiðunarmörkum
að verndun vatnsbóla og vatnsverndarsvæða sé ávallt höfð í fyrirrúmi
að við hönnun hverfa og umferðaræða verði gert ráð fyrir notkun umhverfisvænna orkugjafa og minni umferðar hraða í íbúðahverfum og þannig gefinn sérstakur gaumur að öryggismálum barna

Fjármál og stjórnþýla

Markmið

að starfsfólki Reykjanesbæjar verði gert kleyft að samræma fjölskylduábyrgð og starf
að starfsfólki Reykjanesbæjar sé gefinn kostur á sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri hagræðingu á vinnutíma þar sem því verður við komið
að tekið sé tillit til aldurs og breytinga á persónulegum högum eftir því sem kostur er og starfsfólki gefinn kostur á að færa sig í minna krefjandi störf og minnka við sig starfshlutfall með hækkandi aldri eða minnkandi starfsgetu
að farið sé að reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum
að barnafjölskyldum sé gefinn kostur á afborgunarskilmálum vegna þjónustugjalda s.s. vegna tónlistaskóla og sambærilegra gjalda.